



Reglur Skagafjarðar um þjónustukort í sund

1. gr.

Markmið

Virkja flesta þá sem rétt eiga á þjónustukorti til þess að nýta sér sundlaugarnar í Skagafirði sér til heilsubótar, jafnt líkamlegrar sem andlegrar.

2. gr.

Réttur til korts

Allir íbúar með skráð lögheimili í Skagafirði, á 6. og 67. aldursári og þeir sem eru með 75 prósent örorku.

3. gr.

Skráning/umsóknir

Frístundastjóri pantar þjónustukort, í byrjun hvers árs. Kortin verða svo send í pósti á skráð lögheimili hvers og eins. Öryrkjar sækja um kort á Íbúagátt Skagafjarðar. Þeirri umsókn skal fylgja staðfesting/afrit frá Tryggingastofnun.

4. gr.

Framkvæmd þjónustu

Handhafi skal ávallt framvísa korti í afgreiðslu laugar til að hljóta gjaldfrjálsan aðgang.

5. gr.

Endurnýjun korts

Glatist kort, barns eða eldri borgara, getur viðkomandi sótt um nýtt í afgreiðslu sundlauganna. Glati öryrki korti þarf að sækja um nýtt samkvæmt 4. gr.